

## Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

13. nóvember 2018 kl. 8:10

### Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra. Þorvar Hafsteinsson, grenndarfulltrúi, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Theódór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara, Alfreð Maríusson, fulltrúi starfsmanna. Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fundarritari: María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

### 1. Foreldrafélag Vatnsendaskóla

Guðrún Valdimarsdóttir, formaður foreldrafélagsins, kom á fundinn og sagði frá fyrirhuguðum viðburðum foreldrafélagsins. Farið var yfir mál foreldrafélagsins en fram kom að fáir mættu á aðalfundinn í vor. Það voru nokkrir foreldrar sem tóku sig til og tóku við keflinu í foreldrafélaginu. Kom fram að það gengur erfiðlega að fá bekkjarfulltrúa/árgangafulltrúa í unglingadeildinni. Hugmynd um að foreldrar komi inn í fleiri fjáraflanir fyrir aðra árganga en 10. bekkinn, t.d. 6. og 8. bekkinn til að afla fjár fyrir Reyki og Laugar. Rætt var um að stjórn foreldrafélagsins gæti stutt við bekkjarfulltrúa, því mikilvægt er að bekkjarfulltrúar séu virkir. Einnig var rætt um mikilvægi þess að hefja starf með bekkjarfulltrúum strax að hausti og hafa fund með foreldrum árgangsins. Guðrún Soffía mun sjá til þess að nöfn bekkjarfulltrúa fari inn á heimsíðu skólans.

Fram kom að gott væri að halda Skólaping með þátttöku foreldra, nemenda og starfsmanna. Þar koma þessir aðilar að því að móta starf skólans og þannig kynnast foreldrar skólanum betur. Foreldrar koma saman og ræða um ákveðin málefni hverju sinni. Heppilegur tími væri í byrjun vors.

Þorvar nefndi að mikilvægt væri að foreldrafélagið kynnti starf foreldrafélagsins og mikilvægi þátttöku foreldra í skólastarfinu á vorkundi með foreldrum nemenda í verðandi 1. bekk.

Stjórn foreldrafélagsins kom fram með hugmynd um snjalltækjalausa viku, þar sem áhersla væri á aðra hluti og samskipti nemenda. Foreldrar væru þá að styðja við þetta. Ýmsar hugmyndir komu fram sem hægt væri að framkvæma. Ákveðið að leggja þetta í hendur á nemendaráði skólans. Önnur hugmynd frá foreldrafélaginu var að hafa hæfileikakeppni innan skólans og hafa lokakeppni að vori. Mikil ánægja var með þessar hugmyndir.

Bent á að á heimsíðu Vatnsendaskóla undir foreldrafélag er viðburðadagatal. Þar koma fram viðburðir foreldrafélagsins.

## **2. Foreldrarölt foreldrafélagsins**

Þorvar hefur verið að aðstoða Tómas foreldraröltsfulltrúa við að skipuleggja röltið. Umsjónarkennarar hafa sent póst frá Tómasi til foreldra árgangsins. Þátttaka hefur verið nokkuð góð. Fram kom að gott væri að setja inn á síðu foreldrafélagsins fræðsluefni af heimasíðu Samkóps þar sem upplýsingar um foreldrarölt eru.

## **3. Sameiginlegur viðburður með öllum ráðum skólans.**

Ákveðið að halda Skólaping í vetur og munu skólinn, foreldrar og nemendur koma að undirbúningi þess.

## **4. Önnur mál**

Þorvar kom með hugmynd um að fá nemendaráðið í heimsókn á fund með skólaráði eftir áramótin.

Alfreð matráður skólans sagði frá þeirri nýbreytni að nú er eldaður hafragrautur fyrir unglunga sem þeir fá í frímínútum klukkan 9:30.

Fundi slitið kl. 9:35